



cost
EUROPEAN COOPERATION
IN SCIENCE AND TECHNOLOGY



COST is supported by the EU Framework Programme Horizon 2020



Fréttatilkynning

Fyrsta RANCARE Ráðstefnan – COST verkefni 15208 „Forgangsröðun verkefna og hjúkrun sem er sleppt“

Fyrsta ráðstefnan í tengslum við COST verkefnið „Forgangsröðun verkefna og hjúkrun sem er sleppt: Alþjóðlegt og fjölþætt vandamál“ fór fram í Limassol á Kýpur þann 23. febrúar 2017. Þátttakendur á þessari þverfræðilegu ráðstefnu voru 80 talsins frá 31 landi, bæði frá Evrópu, Bandaríkjunum, Ástralíu og Nýja Sjálandi. Ráðstefnuna settu rektor Cyprus University of Technology, Andreas Anayiotos, prófessor og ráðuneytisstjóri kýpverska heilbrigðisráðuneytisins dr. George Pamborides, fyrir hönd heilbrigðisráðherra. Viðstaddir setninguna voru hjúkrunarfræðingar og kennarar í hjúkrun víðsvegar að á Kýpur.

Á ráðstefnunni fjölluðu vísindamenn í fremstu röð um áskoranir tengdar forgangsröðun í hjúkrun. Á dagskrá voru 19 erindi í 4 málstofum um: a) hugtakageiningu, skipulagsmál og aðferðafræði; b) gagnreyndar íhlutanir og aðfeðir; c) siðferðisleg álitamál við forgangsröðun í hjúkrun; d) menntunarmál og þjálfun.

Ráðstefnan veitti þátttakendum tækifæri til að mynda tengsl og miðla þekkingu sinni. Hún var einnig vettvangur skoðanaskipta milli fræðimanna og klínískra starfsmanna um fyrirbærið forgangsröðun hjúkrunar, aðferðafræðilegar áskoranir og afleiðingar forgangsröðun hjúkrunar á öryggi sjúklinga og gæði umönnunar. Við lok ráðstefnunnar voru kynntar leiðir til þess að kanna ýmsar hliðar forgangsröðunar í hjúkrun með því að þróa sameiginlega stefnu í kennslu og rannsóknum. Ungum vísindamönnum verður jafnframt gert kleift að taka þátt í COST verkefni og skoða aðferðafræði, stjórnáslu og siðferðisleg viðfangsefni. Nánari upplýsingar um skilyrði og umsóknarferlið verða birtar á heimasíðu verkefnisins:

<https://www.rancare-action.eu/>